

Feb 1986

703 ~~703~~

Kæru Kvennaframboðs- og Kvennalistakonur!

Eins og ykkur mun eflaust kunnugt var sú ákvörðun tekin á félagsfundi í Kvennaframboðinu að ekki yrði boðið fram til borgarstjórnar í vor í þess nafni. Hins vegar ákvað Kvennalistinn að bjóða fram í sínu nafni. A "samveru" þessara tveggja aðila á Hótel Vík þann 8. febrúar sl. voru framboðsmálin m.a. til umræðu og var þar skipuð kosninganefnd til að sjá um undirbúning kosninganna. Í nefndinni eiga sæti: Kristín Astgeirsdóttir, Sólrún Gísladóttir, Kristín Blöndal, Kíckí Borhammar, Kristín Einarsdóttir, Ina Gissurardóttir og Elín Olafsdóttir. Hefur nefndin þegar haldið nokkra fundi. Eitt af því sem hún hefur ákveðið er að gera ekki greinarmun á Kvennaframboðs- og Kvennalistakönum við undirbúning kosninganna og senda öll sín bréf og fundarboð til kvenna úr báðum þessum samtökum þó svo að boðið verði fram í nafni Kvennalistans. Viljum við með því móti gefa ykkur öllum kost á að fylgjast með og hafa áhrif á framgang mála. Vonum við að engin taki þetta óstínt upp.

Fyrsti fundurinn sem nefndin boðar til er miðvikudaginn 26. feb. kl. 20.30 á Hótel Vík. Dagskrá fundarins verður sem hér segir.

- 1) Ákvörðun um hvernig standa skuli að uppstillingu á framboðslista.
- 2) Kosning uppstillingarnefndar.
- 3) Hvernig eigum við að haga kosningabaráttunni - umræður.
- 4) Önnur mál.

Kosninganefnd hefur komið sér saman um að leggja til við fundinn að uppstillingu verði hagað á eftirfarandi hátt:

Í lok febrúar verði öllum félagskönum í Kvennaframboðinu og Kvennalistanum sent bréf og þær beðnar að tilnefna 5-10 konur sem þær vilja sjá á framboðslistanum. Nöfnum þarf að skila í síðasta lagi 8. mars. Uppstillingarnefnd fær þessi nöfn til að móða úr og býr til framboðslista með nöfnum kvenna sem allar hafa samþykkt að taka sæti einhvers staðar á listanum en þó skuldbindingarlaust hvað varðar endanlega niðurröðun listans. Þann 15. mars gefst svo öllum félagskönum kostur á að raða könum af þessum lista niður á 10 efstu sætin. Sú niðurröðun er ekki bindandi fyrir uppstillingarnefnd en tvímælaust til viðmiðunar. Niðurstaða uppstillingarnefndar verður svo lögð fyrir félagsfund til endanlegrar samþykktar.

Þessi tillaga verður til umræðu á fundinum 26. febrúar og aðrar ef fram koma.

Aðrir fundir sem fyrirhugaðir eru á næstunni:

- 2. mars Opinn fundur á Hótel Borg. Nánar auglýstur í fjölmiðlum
- 15. mars Stefnuskrárráðstefna á Hótel Vík

Með kveðju frá kosninganefnd